



## Ábendingar til þín

# Hvað gerðist? bæklingurinn

Hvað gerðist bæklingurinn er notaður til þess að því að styðja við munnlegar spurningar og svör og hentar sérstaklega til notkunar fyrir fólk sem notar aðrar tjáskiptaleiðir en talað mál. **Hvað gerðist?** bæklingurinn er hannaður til þess að vera notaður í neyðartilvikum eða þegar grunur hefur vaknað um ofbeldi. Með notkun mynda og einfaldra spurninga er hægt að finna út hvað gerðist.

Bæklingurinn er framleiddur af Karin Torgny hjá Utvecklingscentrum Dubbelt Utsatt (Bräcke Diakoni) og er Arvsfond verkefni sem unnið var á árunum 2007-2012. Nýjar myndir um ofbeldi voru þróaðar í samstarfi við Specialpedagogiska skolmyndigheten SPSM (sænsku námsgagnastofnunina), sem ber ábyrgð á boðskiptakerfinu Pictogram.

Bæklingurinn er aðgengilegur á PDF formi og er hægt er að prenta hann út, plasta og gorma. Hér eru nokkrar ábendingar um hvernig hægt er að halda áfram þegar þú ætlar að nota Hvað gerðist?- bæklinginn.

- **Áður en þú byrjar – hugleiddu hvernig þú skilgreinir ofbeldi**

Ofbeldi getur birst með mismunandi hætti. Það getur verið líkamlegt eða andlegt og getur einnig falið í sér kynferðislega-, fjárhagslega- og efnislega misnotkun og mismunun. Gagnvart fötluðu fólki getur einnig verið um vanrækslu að ræða auk þess sem valdi kann að vera beitt til að ná stjórn yfir manneskju sem er háð öðrum varðandi umönnun sína. Hugtakið á einnig við um ofbeldi sem beinist gegn fötluðu fólki á grundvelli skerðingar þess til dæmis með því að nota vitræna eða vitsmunalega skerðingu einstaklingsins til að fá aðgang að peningum eða kynlífi.

*”Ofbeldi er einhver athöfn sem beinist gegn öðrum einstaklingi sem í gegnum þessa athöfn meiðist, særast, hræðist eða brotnar niður, fær manneskjuna til að gera eitthvað gegn vilja sínum eða forðast að gera það sem hún vill.“*

- **Fyrsta samtalið**

Ef þú hefur vitneskju eða grun um að einhver hafi verið beittur / beitt ofbeldi getur þú boðið viðkomandi upp á samtál með **Hvað gerðist?** bæklingnum. Bæklingurinn er fyrst og fremst ætlaður til notkunar í neyðartilvikum eða við upphaf lengra samtals. Djúpt samtál um reynslu af ofbeldi þarf önnur verkfæri.

- **Kynntu þér bæklinginn**

Svarmöguleikarnir eru úrval af mörgum „Picto“ myndum. Íhugaðu því hvort þú þurfir að bæta við fleiri myndum, sem eru sniðnar að einstaklingnum eða tengjast ástandi einstaklingsins hverju sinni. Það getur til dæmis þurft myndir með trúarlegum táknum eða myndum sem lýsa samkynja samböndum. Það er líka gott að hafa auða miða til taks til að fylla í eftir óskum viðkomandi.

Sæktu fleiri myndir frá [pictoonline.se](http://pictoonline.se) (krefst áskriftar) í sömu stærð (5x5 cm) og myndirnar í bæklingnum. Myndirnar setur þú við hliðina á núverandi uppsetningu. Veltu því einnig fyrir þér hvernig einstaklingurinn sem þú ætlar að tala við tjáir sig, s.s. geta hans til að túlka myndir og tákni og hvort hann er vanur að nota önnur samskiptakerfi.

- **Vill viðkomandi tala?**

Með hjálp fyrstu síðanna í bæklingnum spyrð þú þriggja spurninga: Viltu spyrja um eitthvað? Vilt þú segja mér frá einhverju? Líður þér illa yfir einhverju? - sem hægt er að svara já eða nei. Svona tryggir þú að manneskjan vilji segja frá.

- **Sex spurningar**

Farið í gegnum spurningarnar **Hvað gerðist? Hvað? Hver? Hvar? Hvar á líkamanum? Hvenær?** Mundu að svörin í heftinu eru aðeins nokkur og gott getur verið að hafa fleiri möguleg svör (fleiri myndir) til taks.

Biddu viðkomandi að benda á myndirnar. Ekki flýta þér. Vinsamlegast staðfestu að þú hafir skilið rétt, bæði í ræðu og með því að benda sjálf(ur) á myndirnar. Segja til dæmis: "Meinar þú að það var einhver sem káfaði á þér?" á sama tíma og þú bendir á myndina sem sýnir „káfa“. Notaðu hjálparmyndirnar (já / nei og gott / slæmt og ekki / veit ekki) á hvítu síðunum aftast í bæklingnum.

- **Samræmdu**

Þegar þið hafið farið í gegnum spurningarnar er kominn tími til að draga saman og samræma. Endursegja hvað þú heyrðir (benda á myndirnar jafn óðum) og ganga úr skugga um að þú hafir skilið rétt.

Að segja frá reynslu af ofbeldi getur vakið sterkar tilfinningar. Ekki gleyma að spyrja hvernig einstaklingnum líður eftir að hafa sagt frá.

- **"Það er ekki þér að kenna"**

Útskýra að það er ekki hans / hennar sök, það er alltaf gerandinn sem ber ábyrgð. Tilkynna að ofbeldi er glæpur og það er hjálp í boði.

Fáðu aðstoð frá þínum yfirmanni ef þú ert óörugg(ur) um það hvernig eigi að halda áfram.

Hér má finna upplýsingar um [úrræði fyrir þolendur ofbeldis](#)

Hafðu í huga að fólki getur fundist erfitt að leita hjálpar á eigin spýtur. Þú ættir því að finna út hvort viðkomandi þurfi á hjálp frá þér að halda. Einnig skuluð þið vera sammála um hvert framhaldið verður eftir þetta fyrsta samtal.

Ætlið þið að hittast og tala aftur saman eða ætla þú að koma viðkomandi í samband við annan aðila til að tala við?

- **Dýpra samtal**

**Hvað gerðist?** bæklingurinn er hugsaður sem fyrsta viðtal.

Í dag eru áform um að þróa **Talking Mats** fyrir ofbeldi til að dýpka samtalið.

Með aðstoð **Talking Mats** og uppsettum skipulögðum spurningum og völdum myndum getur fólk með samskiptaerfiðleika fengið hjálp við að tjá tilfinningar sínar og skoðanir. Þetta eykur einnig þann möguleika að þau fái þann stuðning sem þau þurfa og eiga rétt á.

Viltu vita meira ...

... um **Hvað gerðist** bæklinginn?

... um aðferðina **Talking Mats**?

... um námskeið í notkun **Hvað gerðist bæklingins og Talking Mats** um að tala um ofbeldi?

**Þá er þér velkomið að hafa samband:**

**Karin Torgny**

[www.torgnytext.se](http://www.torgnytext.se)

[karin.torgny@gmail.com](mailto:karin.torgny@gmail.com)

Fylgdu mér á Facebook: Torgny Text och Kommunikation

Nánar um Talking Mats - <http://www.talkingmats.com/>

Leiðbeiningarnar á sænsku - <http://torgnytext.se/wp-content/uploads/2014/03/Tips-om-Reda-ut-h%C3%A4ftet-2015.pdf>